



*Fornleifaskráning
Vegna framkvæmda
við Tunguárvíkjun í
Þistilfirði*

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Janúar 2025

NV nr. 04-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Október 2024
Skýrsla nr: NV nr. 04-25	Verknúmer:	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna framkvæmda við Tunguárvirkjunar		Unnið fyrir:
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR FORNLEIFASKRÁNINGU Á SVÆÐI Í LANDI JARÐARINNAR HERMUNDARFELLS Í ÞISTILLFIRÐI VEGNA FYRIRHUGAÐRAR VIRKJUNAR VIÐ TUNGUÁ. TUNGUÁ RENNUR ÚR GARÐSDAL Í ÞISTILFIRÐI, FELLUR Í SVALBARÐSÁ OFAN VIÐ BRÚ Á ÞJÓÐVEGI 1 EN SVALBARÐSÁ. SVÆÐIÐ ER ÁÆTLAÐ UM 180 HA AÐ FLATARMÁLI Í 30- 150 M HÆÐ YFIR SJÓ. GERT ER RÁÐ FYRIR UM 17 HA LÓNI EFST Á SVÆÐINU.		
Undirskrift verkefnastjóra: MHH		Yfirlarið af: AR

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	4
2.	AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1	Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
2.2	Skráning fornleifa	5
3.	FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	6
3.1		6
	Saga Hermundarfells og Hermundarfellssels	6
3.2	Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis	7
4.	NIÐURSTÖÐUR	25
5.	HEIMILDASKRÁ	26
6.	PUNKTASKRÁ.....	27
7.	KORT	28

1. INNGANGUR


Að beiðni Verkís fyrir hönd verkkaupa gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á svæði í landi jarðarinnar Hermundarfells í Þistillfirði Vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Tunguá. Tunguá rennur úr Garðsdal í Þistillfirði, fellur í Svalbarðsá ofan við brú á Þjóðvegi 1 en Svalbarðsá rennur til sjávar við Sævarland.

Athugunarsvæði vegna virkjunar er milli Hermundarfells og

Flautafells, ofan bæjanna Hermundarfells og Garðs. Svæðið er áætlað um 180 ha að

flatarmáli í 30- 150 m hæð yfir sjó. Gert er ráð fyrir um 21,4 ha lóni efst á svæðinu.

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram 8. Júlí árið 2017. Hún var gerð af Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðingi og henni til aðstoðar var Guðmundur Birgir Smáráson. Framkvæmdum og undirbúningi var síðan frestað en haustið 2024 var undirbúningur undir virkjun hafin aftur og var þá unnið úr gögnum sem fengust við fornleifaskráningu 2017. Á þeim tíma var skipulagssvæðið sem gefið var upp mikið stærra. Árið 2017 var því mikið af minjum skráð sem í dag [2024] lenda utan við skipulags og áhrifasvæði virkjunar. Engu að síður þar sem þær hafa verið skráðar eru þær hafðar með í þessari skýrslu þó þær séu utan svæðis í dag 2024.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt á Íslandskort með gulri stjörnu.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð að hluta og var stuðst við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16.gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3385 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3385-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1

Saga Hermundarfells og Hermundarfellssels

Í úrskurði Óbyggðanefndar um Svalbarðshrepp, Þórshafnarhrepp og Skeggjastaðahrepp frá 2005 var farið yfir óútgefnar heimildir um jarðirnar sem voru innan áhrifasvæðis úrskurðarins og féll Hermundarfell þar undir. Vísað verður í úrskurðinn í staðinn fyrir frum skjölin þar sem þau eru á víð og dreif um landið og ekki gafst tími til þess að nálgast þau öll.

Fyrsta heimild þar sem minnst var á Hermundarfell í Rekaskrá Hólastaðar og Möðruvalla-klausturs frá um 1296 og sagt frá reka sem fylgdi jörðinni.¹ Sagt var í Auðunarmáldaga frá 1318 að jörðin hafi verið í eigu Svalbarðskirkju² en hún var ekki talin með sem eign kirkjunnar í máldögum frá 1360 og 1394.³

Næst var minnst á jörðina í Reikningum kirkna á prestsetrum í Hólabiskupsumdæmi frá 1569 en þar var sagt að jörðin væri í eigu Svalbarðskirkju. Þá var sagt að landskuld Hermundarfells væri fjögur hundruð en kirkjan fékk ekkert kúgildi með jörðinni.⁴ Einnig var minnst var á Hermundarfell í Reikningi Svalbarðskirkju frá 1591⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1712, var sagt að jarðardýrleiki Hermundarfells væri átta hundruðir og tíundaðist til prests og fátrækra. Eigandi jarðarinnar var Svalbarðskirkja og einn ábúandi bjó á jörðinni. Engar kvaðir voru á jörðinni og var útigangur talinn í betra lagi, torfrista og stunga var slök og grýtt en úthagar jarðarinnar voru góðir og miklir.⁶

Árið 1739 var vottað að máldagapóstar Svalbarðskirkju væru samhljóða löggiltum máldögum frá fyrri öldum og kom þar m.a. fram að Svalbarðskirkja ætti allt heimaland, að Hermundarfell fylgdi henni, að hún mætti taka torf hvar sem er á Sjóarlandi og að hún ætti lambseldi af hverjum bæ í þinginu.⁷

Í brauðmati Svalbarðsprestakalls frá 1838-1839 var sagt að Hermundarfell og Hermundarfellssel hafi verið á meðal byggðra jarða kirkjunnar.⁸

Hermundarfellssel var vestur undir fjallgarði, skammt frá Tunguá, norður af svonefndum Fossbrekkum. Selið var byggt 1836 og búið nær samfellt til 1864.⁹

Í jarðamati frá 1804 kom fram að Hermundarfell var kirkjujörð Svalbarðs og var hún þá metin á átta hundruðir. Í jarðamati frá 1849 var Hermundarfell, með Hermundarfellsseli talið, metið á átta hundruðir að forngildi. Þá voru hagar sagðir nægilega víðlendir.¹⁰

¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 307

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 425-426

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 155-157, 508-511, 554-555, 567-580 & 588-589

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 346

⁵ Óbyggðanefnd, 2007, bls. 36

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1943, bls. 357-358

⁷ Óbyggðanefnd, 2007, bls. 37

⁸ Óbyggðanefnd, 2007, bls. 37

⁹ Eiríkur Þormóðsson, 1970, bls. 36

¹⁰ Óbyggðanefnd, 2007, bls. 37

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var Hermundarfellssel talið sem hjáleiga frá Hermundarfelli. Dýrleiki Hermundarfells var þá átta hundruðir, landskuldin var 0,30, kúgildin eitt og einn leigjandi var á jörðinni. Einn leigjandi var í Hermundarfellsseli.¹¹

3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Númer: 3385- 001

Sérheiti: Efristekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:644449 N:637008

Lengd: 18 m

Breidd: 5,2 m

Ástand: Illgreinanlegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta



Teikning 1. Efristekkur [001] og garðalag framan við.

Staðhættir:

Í Örnefnaskrá segir „Um 1 km suðvestan við Hesthúsholt er Stekkjarlind . Hún er eina lindin sem fellur af brún fjallsins. Heitir þar Stekkjartorfa , efst í hlíðinni, þar sem lindin fellur um. Við Stekkjarlind, um 200 m frá ánni, heitir **Efristekkur** , rústir af stekk ekki sjáanlegar en þess í stað nokkrar heytóftir. Þar sem Stekkjarlind fellur í Tunguá heitir Neðristekkur . Þar eru nokkur heystæði, en enginn stekkur sjáanlegur. Þar í ánni er Stekkjarfoss“

Minjalýsing: Rúst sem mögulega gæti verið stekkur er ofan við heytóftirnar. Rústin er mjög sokkin og illgreinanleg á vettvangi en kemur fram á loftmyndum. Hún er 18 m á lengd og 5 m á breidd sem er frekar stórt fyrir stekk en hún gæti hafa verið eitthvað annað. Rústin er greinilega mjög gömul og mun eldri en heytóftirnar sem eru fyrir neðan hana. **Framan við** hana er smá veggjarstubbur sem er 8x1 m og gæti verið hluti af gerði sem hefur verið framan við bygginguna

¹¹ J. Johnsen, 1847, bls. 344

Númer: 3385- 002

Sérheiti: Efristekkur

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:644464 N:636997

Lengd: 6 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Enginn hætta


Hættuorsök:

Staðhættir: Í Örnefnaskrá segir „Um 1 km suðvestan við Hesthúsholt er Stekkjarlind . Hún er eina lindin sem fellur af brún fjallsins. Heitir þar Stekkjartorfa , efst í hlíðinni, þar sem lindin fellur um. Við Stekkjarlind, um 200 m frá ánni, heitir Efristekkur , rústir af stekk ekki sjáanlegar en þess í stað **nokkrar heytóftir**. Þar sem Stekkjarlind fellur í Tunguá heitir Neðristekkur . Þar eru nokkur heystæði, en enginn stekkur sjáanlegur. Þar í ánni er Stekkjarfoss“ Heytóftin er 12 m SSA af hinum meinta stekk.

Minjalýsing: Rústin er gróinn með op í SA horni. Hún er 6x4 m að stærð og veggir eru um 60 cm



Mynd 2. Heytóft við Efristekk [002]tekið í S. Ljósm. MHH



Teikning 2. Heytóft [002]. MHH.

Númer: 3385- 003

Sérheiti: Efristekkur

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 644478 N:636998

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hættu



Teikning 3, Heytóft [003] og garðlag. MHH.

Staðhættir: í Örnefnaskrá segir „Um 1 km suðvestan við Hesthúsholt er Stekkjarlind . Hún er eina lindin sem fellur af brún fjallsins. Heitir þar Stekkjartorfa , efst í hlíðinni, þar sem lindin fellur um. Við Stekkjarlind, um 200 m frá ánni, heitir Efristekkur , rústir af stekk ekki sjáanlegar en þess í stað **nokkrar heytóftir**. Þar sem Stekkjarlind fellur í Tunguá heitir Neðristekkur. Þar eru nokkur heystæði, en enginn stekkur sjáanlegur. Þar í ánni er Stekkjarfoss“ Um 11 m SSA af heytóft [003] er önnur sambærileg.

Minjalýsing: Rústin er 8x4 m að stærð og eru veggir um 50 cm og grónir. Rústin virðist hafa haft tvö aðskilinn hólf og er opið inn í rústina til austurs. Austan við hana er þúfnakragi sem myndar L. Þetta gæti verið leifar að annari heytóft en líka gæti verið um að ræða náttúrlegt fyrirbryði.

Númer: 3385- 004

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:644513 N:636872

Lengd: 7,3 m

Breidd: 4,3

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Um 1 km suðvestan við Hesthúsholt er Stekkjarlind . Hún er eina lindin sem fellur af brún fjallsins. Heitir þar Stekkjartorfa , efst í hlíðinni, þar sem lindin fellur um. Við Stekkjarlind, um 200 m frá ánni, heitir Efristekkur , rústir af stekk ekki sjáanlegar en þess í stað nokkrar heytóftir. Þar sem Stekkjarlind fellur í Tunguá heitir **Neðristekkur** . Þar eru nokkur heystæði, en enginn stekkur sjáanlegur. Þar í ánni er Stekkjarfoss

Minjalýsing: Heytóftin stendur 100 m sunnan við þar sem rústirnar við Efristekk eru. Rústin stendur við bakka á lítilli lækjarsprænu sem fellur í Tunguá rétt við Stekkjarfoss sem kenndur er við stekkina sem hafa verið þar ofan við Efri og neðri. Rústin er gróinn og er 7,3x4,3 a' stærð og eru veggir um 40-50 cm á hæð.



Mynd 3. Mynd af heytóft [004] tekið í A. Ljós MHH

Númer: 3385-005

Hlutverk: Heytóft ?

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 644520 N:636875

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Um 1 km suðvestan við Hesthúsholt er Stekkjarlind . Hún er eina lindin sem fellur af brún fjallsins. Heitir þar Stekkjartorfa , efst í hlíðinni, þar sem lindin fellur um. Við Stekkjarlind, um 200 m frá ánni, heitir Efristekkur , rústir af stekk ekki sjáanlegar en þess í stað **nokkrar heytóftir**. Þar sem Stekkjarlind fellur í Tunguá heitir Neðristekkur. Þar eru nokkur heystæði, en enginn stekkur sjáanlegur. Þar í ánni er Stekkjarfoss

Minjalýsing: Heytóftin er fast austan við heytóft [-004] eða inna við 2 m frá. Rústin er 8x4 m að stærð og viðist skiptast í tvö hólf. Mögulega er þetta lítill stekkur þar sem greinileg skipting er á milli hólfanna en líklega er samt um heytóft að ræða. Rústin er milli 30- 50 cm á hæð og mjög gróin.



Teikning 4. Af heytóftum [004-005]

Númer: 3385- 006

Sérheiti: Neðri Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 644545 N:636884

Lengd: 13 m

Breidd: 5 m

Ástand: Ilgreinanlegt

Horfin: Að mestu

Hættumat: Lítil

Hættuorsök:

Staðhættir: Um 1 km suðvestan við Hesthúsholt er Stekkjarlind . Hún er eina lindin sem fellur af brún fjallsins. Heitir þar Stekkjartorfa , efst í hlíðinni, þar sem lindin fellur um. Við Stekkjarlind, um 200 m frá ánni, heitir Efristekkur, rústir af stekk ekki sjáanlegar en þess í stað **nokkrar heytóftir**. Þar sem Stekkjarlind fellur í Tunguá heitir Neðristekkur. Þar eru nokkur heystæði, en enginn stekkur sjáanlegur. Þar í ánni er Stekkjarfoss“ Rústin er 20 m austur af rúst [005]

Minjalýsing: Rústin sést ekki á yfirborði við vettvangsrannsókn en á loftmyndum má greina þar sem virðist vera mjög sokkinn rúst. Ef um rúst er að ræða er hún ílöng með litlu hólfi aftast. Hún er opin til suðurs. Veggir eru sokknir í þúfur og eru um 10-20 cm. Möguleiki er á að aðeins sem um tilviljana kennda þúfnamyndun að ræða en ekki ólíklegt að þarna sé mjög sokkin rúst.



Mynd 4. Ljósmynd af svæðinu þar sem rústir [004-005-006-007-007] eru. Tekið í S. Ljómsm GBS.



Teikning 5. Útlínur mögulegrar rústar [006]

Númer: 3385- 007
 Sérheiti: Neðri Stekkur
 Hlutverk: Stekkur?
 Tegund: Rúst
 Staðsetning ISN93: A: 644591 N:636906
 Lengd: 11 m
 Breidd: 8 m
 Ástand: Illgreinanlegt
 Horfin: Að mestu
 Hættumat: Lítil
 Hættuorsök:



Teikning 6. Rúst [007] og garðlag

Staðhættir: Um 1 km suðvestan við Hesthúsholt er Stekkjarlind. Hún er eina lindin sem fellur af brún fjallsins. Heitir þar Stekkjartorfa, efst í hlíðinni, þar sem lindin fellur um. Við Stekkjarlind, um 200 m frá ánni, heitir Efristekkur, rústir af stekk ekki sjáanlegar en þess í stað **nokkrar heytóftir**. Þar sem Stekkjarlind fellur í Tunguá heitir Neðristekkur. Þar eru nokkur heystæði, en enginn stekkur sjáanlegur. Þar í ánni er Stekkjarfoss. Rústin er 43 m NNA af rúst [006]

Minjalýsing: Rústin sést ekki á yfirborði við vettvangsrannsókn en á loftmyndum má greina þar sem virðist vera mjög sokkinn rúst. Ef um rúst er að ræða er hún ílöng með litlu hólfi aftast. Hún er opin til suðurs. Veggir eru sokknir í þúfur og eru um 10-20 cm. Laga garðlag er framan við rústina [008]

Númer: 3385- 008
 Hlutverk: Vörslugarður
 Tegund: Garður
 Staðsetning ISN93: A:644588 N:636889
 Lengd: 26 m
 Breidd: 1 m
 Ástand: Illgreinanlegt
 Hættumat: Engin hætta
 Hættuorsök:



Teikning 7. Garðlag framan við rústina.

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Um 1 km suðvestan við Hesthúsholt er Stekkjarlind. Hún er eina lindin sem fellur af brún fjallsins. Heitir þar Stekkjartorfa, efst í hlíðinni, þar sem lindin fellur um. Við Stekkjarlind, um 200 m frá ánni, heitir Efristekkur, rústir af stekk ekki sjáanlegar en þess í stað **nokkrar heytóftir**. Þar sem Stekkjarlind fellur í Tunguá heitir Neðristekkur. Þar eru nokkur heystæði, en enginn stekkur sjáanlegur. Þar í ánni er Stekkjarfoss“

Minjalýsing: Garðlagið er framan við sokkna illgreinanlega rúst [007] og er framan við og beygir svo aðeins upp með rústinni. Lengd er 26, og breidd um 1 m og

Númer: 3385-009

Sérheiti: Langabrá

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Upphlaðin vegur

Staðsetning ISN93: A: 643992 N:636635

Lengd: 313 +360 m

Horfin: Að mestu

Hættumat: Lítil

Hættuorsök:

Staðhættir: Í Örnefnaskra segir „Þar ofar með ánni heitir Langabrá. Um er að ræða upphlaðna braut á reiðleiðinni yfir Öxarfjarðarheiði“.

Minjalýsing: Greinileg leið liggur ofna við Tunguá yfir á Öxarfjarðarheiði en á einum stað er vegurinn upphlaðinn á 313 km kafla. Þar heitir hún Langabrá en orðið brú er líka notað yfir upphlaðna vegi: Breidd er um 4 -5 m. Farið er yfir Tunguá og heldur vegurinn áfram þar og er upphlaðin þar á 360 m kafla. Þar sem vegurinn er næstur fyrirhuguðum mannvirkjum þarna er 44 m. 600 m af leiðinni hverfur undir lón en vegurinn þar er aðeins niðurgráfin skorningur en ekki upphlaðin leið.



Mynd 5. Ljósmynd af Löngubrá. Tekið í A. Ljósm. MHH

Númer: 3385-010

Sérheiti: Ólafstos

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:643861 N:636792

Lengd: 5,8 m

Breidd: 5,3 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Þar lítið eitt ofar á árbakkanum var Smalakofi Páls og Einars Kristjánssona og er tóft hans merkt með girðingarstaur. Þar lítið eitt ofar er

Fossabrekka efri og myndar dálítinn hvamm. Þar eru heytóftir tvær og heita Ólafstos „ Þrjár rústir eru á svæðinu neðan við upphlaðna veginn Löngubrá og árinna.

Minjalýsing: Heytóftin er gróinn og er 5,8 m á breidd og 5,3 m á lengd. Veggir hennar eru í 50 cm háir og er rústin úr torfi. Inngangur snýr í austur.



Mynd 6. Ljósmynd af heytóft [010] tekið í SV. Ljósmynd MHH

Númer: 3385-011

Sérheiti: Ólafstos

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:643863

N:636783

Lengd: 7.2 m

Breidd: 4,1 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Þar lítið eitt ofar á árbakkanum var Smalakofi Páls og Einars Kristjánssona og er tóft hans merkt með girðingarstaur. Þar lítið eitt ofar er Fossabrekka efri og myndar dálítinn hvamm. Þar eru **heyttóftir tvær** og heita Ólafstos. Þrjár rústir eru á svæðinu neðan við upphlaðna veginn Löngubrá og árinna.

Minjalýsing: Heyttóftin er 2 m suður af [010] hún er gróinn og er 4,1 m á breidd og 7,3 m á lengd. Veggir hennar eru í, 50 cm háir og er rústin úr torfi. Inngangur snýr í austur.



Mynd 7. Ljósmynd af heyttóft [011] tekið í SV. LjósM.MHH



Teikning 8. Teikning af heyttóftum og Smalakofa.

Númer: 3385- 012

Sérheiti: Ólafstos

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:646881 N:636788

Lengd: 6,7

Breidd: 4,7

Ástand: sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Þar lítið eitt ofar á árbakkanum var **Smalakofi**

Páls og Einars Kristjánssona og er tóft

hans merkt með girðingarstaur. Þar lítið eitt ofar er Fossabrekka efri og myndar dálitinn

hvamm. Þar eru **heyttóftir tvær** og heita Ólafstos“ Um 14 m austur frá heyttóftunum tveimur er nefnast Ólafstos er rúst sem líklega er umræddu smalakofi.

Minjalýsing: Rústin er áþekk heyttóftunum og er 6,7 á lengd og 4,7 m á breidd og dyr í austur. Veggir eru um 0.50 M á hæð.



Mynd 8. Rústir smalafofa. Tekið í N. Ljósm.MHH

Númer: 3385- 013

Sérheiti: Beitarhúsagróf

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 643291 N:637107

Lengd: 13,2 m

Breidd: 4.9 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í Örnefnaskrá segir „Í suður frá Svartfelli er mýrlendi sem heitir Svartfellsflói.

Vestast í honum er og við hana hey og beitarhúsatóftir“

Minjalýsing: Efsta húsið er beitarhúsið. Það er 13,2 m á lengd og 4,9 m á breidd og skiptist í tvö hólf. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti og sér í hleðslur. Veggir eru hæstir um 1 m á hæð.

Númer: 3385-014

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning ISN93: A:643319 N:637101

Lengd: 7,3

Breidd: 4,6

Ástand: Illgreinanlegt

Horfin: Næstum

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í suður frá Svartfelli er mýrlendi sem heitir Svartfellsflói. Vestast í honum er Beitarhúsagróf og við hana hey og beitarhúsatóftir.

Minjalýsing: Um er að ræða hringlaga hækkun neðan við beitarhúsin. Þúst þar sem mun grænna er en í kring sem bendir til að um gæti verið að ræða útihús sem er alveg fallið.

Númer: 3385-015

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:643260

N:637057

Lengd: 15,2 m

Breidd: 10,7 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei


Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í suður frá Svartfelli er mýrlendi sem heitir Svartfellsflói. Vestast í honum er Beitarhúsagróf og við hana hey og beitarhúsatóftir. Um 60 m suður af beitarhúsinu eru þrjár heytóftir. Þess er áberandi stæðst og er með breiðari veggjum en lítill lækur er á milli hennar og hinna tveggja [016-017]

Minjalýsing: Rústin er skeifulaga og opin til suðurs veggir hennar eru tveir m á breidd. Veggur eru um 40 cm á hæð og virðist hún vera engingu úr torfi. Rústin er líklega eldri en hinar tvær og veggir eru meira útflattir og lægri.



Mynd 9. Maðurinn stendur í heytóft [015] og [016] sést við hliðina. Tekið í S. Ljósm.MHH



Teikning 9. Af svæðinu sem nefnist Beitarhúsagróf.

Númer: 3385-016

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:643316 N:637049

Lengd: 6,2 m

Breidd: 4,4 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta



Mynd 10. Heytóft 016. Tekið í S. Ljósm. MHH

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Í suður frá Svartfelli er mýrlendi sem heitir Svartfellsflói. Vestast í honum er Beitarhúsagróf og við hana hey og beitarhúsatóftir“ Rústin stendur 15 m austur frá rúst [015] en á milli þeirra er áfarvegur.

Minjalýsing: Rústin stendur alveg við lítinn læk sem hefur grafið sig niður, Hún er 6x4m að stærð og veggir úr torfi sem eru grónir og um 50 cm á hæð.

Númer: 3385- 017

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:643323 N:637050

Lengd: 5,2 m

Breidd: 5,0 m

Ástand: sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Í suður frá Svartfelli er mýrlendi sem heitir Svartfellsflói. Vestast í honum er Beitarhúsagróf og við hana hey og beitarhúsatóftir“

Minjalýsing: Tóftin er við hlið [016] en aðeins eru 2.5 m á milli þeirra. Rústin er 5x5 m að stærð og veggir úr torfi sem eru grónir og um 50 cm á hæð.



Mynd 11. Maðurinn stendur í heytóft 017. Tekið í S. Ljósm. MHH

Númer: 3385-018

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Býli

Tegund: Rústir

Staðsetning ISN93: A: 643323

N:6377050

Lengd: 20 m

Breidd: 18,2 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hættu

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir

„Hermundarfellssel þar var búið á

árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hlíðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“.

Minjalýsing: Bæjarrústirnar standa á grónum hól. Bærinn skiptist í að því verður best séð í fimm rými, en veggir eru nokkuð hrundir inn svo það gæti skekkst túlkun á rýmum. Veggir standa nokkuð heilir og eru hæstir um 0,70 – 1.20 m út torfi og grjóti. Stærð bæjar er 20x18 m.



Mynd 12. Bæjarrústir Hermundarfellssels. Tekið í A. Ljós. GBS



Teikning 10. Minjar í Hermundarfellsseli, bæjarhús og útihús

Númer: 3385-019

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 643186

N:637136

Lengd: 13,3

Breidd: 6,8

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Enginn hætta

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir

„Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hliðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“. Aðeins um 3 m vestur frá gafli bæjarhúsanna stendur rúst af fjárhúsi.

Minjalýsing: Rústin er með dyr í átt að bænum til austurs og í miðju hússins er garði og í norður enda er hlaða. Veggir fjárhússins eru hæstir um 0.70 m



Mynd 13. Fjárhús við Hermundarfellssel. Tekið í NNA. Ljós. GBS



Teikning 11. Fjárhúsið við bæjarhúsin.

Númer: 3385-020

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning ISN93: A:642175 N:637127

Lengd: 41,2 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hliðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“. Rústir af byggingu standa 14 m austur af bæjarhúsunum

Minjalýsing: Leifar að garði eru greinanlegar framan við bæjarhúsin og fjárhúsin og til vesturs. Garðurinn hefur örugglega verið lengri. Garðurinn er um 1 m á breidd og 0.50 m á hæð.

Númer: 3385-021

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Óþekkt/sel ?

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 642229 N:637132

Lengd: 12 m

Breidd: 14 m


Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hliðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel.

Minjalýsing: Rústin er sérstök og minnir helst á bæjarhús þar sem 4 hólf eru á rústinni og skipulagning hennar er bendir til þess að ekki sé um útihús að ræða. Þetta gæti verið annar bær eða hugsanlega rústin af selinu sjálfu Hermundarfellsseli enda svipar rústinni til rústa af seljum.



Teikning 12. Rústin sem líklega er af selinu sjálfu sem er við hlið bæjarhúsa.

Númer: 3385-022

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning ISN93: A:642249 N:637120

Lengd: 14+13 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hliðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“. Rústir af byggingu standa 14 m austur af bæjarhúsunum

Minjalýsing: Garðlag liggur framan við bygginguna sem mögulega eru rústir sjálfs selsins. Annar sem liggur framan við rústina er í smá boga, hinn gengur út frá austur gafli hússins og að læknum sem þar renndur. Þessir garðar styðja enn frekar að rúst [021] sem seljarústir. Garðbútarnir eru 13+14 m á lengd.

Númer: 3385-023

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning ISN93: A:642223 N:637116

Lengd: 22 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hliðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“.

Minjalýsing: Leifar að garði eru greinanlegar framan við rúst [021] og fjárhúsin og til vesturs. Garðurinn hefur örugglega verið lengri. Garðurinn er um 1 m á breidd og 0.50 m á hæð.

Líklega hluti af sama garði og [020]

Númer: 3385-024

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Varnargarður/túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning ISN93: A:642210 N:637183

Lengd: 38 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hliðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“. Um 43 m norðan við bæjarhúsin er mjög greinilegt garðlag. Mögulega er þetta hluti af túngarði sem hefur verið umhverfis bæjartúnið, en engin önnur merki eru þá eftir um þann túngarð. Önnur og líklegri skýring er að þetta sé varnargarður vegna flóða úr læknum.

Minjalýsing: Leifar að garði eru greinanlegar framan við bæjarhúsin og fjárhúsin og til vesturs. Garðurinn hefur örugglega verið lengri. Garðurinn er um 1 m á breidd og 0.50 m á hæð.

Númer: 3385-025

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 642123 N:637118

Lengd: 7,7 m

Breidd: 6 m

Ástand: 3385- Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hlíðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“. Um 73 m SSV af bæjarhúsunum er útihús.

Minjalýsing: Rústinni er skipt í tvö hólf og eru dyr fyrir miðju sem vísa í SSA. Greinilega er um útihús að ræða. Veggir eru grónir um 0.50 m að hæð og er rústin er 7,7x6 m að stærð.

Númer: 3385-026

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 642242N:637063

Lengd: 8,6 m

Breidd: 5,6 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hlíðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“. Um 73 m SSV af bæjarhúsunum er útihús.

Minjalýsing: Rústin er tvö hólf og lítur út fyrir að vera fénaðarhús með litilli innbyggðri hlöðu. Særð er 8,6x5,6 m og hæð veggja er um 0.5 m



Teikning 13. Af útihúsunum [026]

Númer: 3385-027

Sérheiti: Hermundarfellssel

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A: 642249 N:637055

Lengd: 9 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hliðinni. Nú árið 2003 standa klömbuveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“. Um 73 m SSV af bæjarhúsunum er útihús. Um 71 m í SSA neðan frá bænum eru rústir tveggja útihúsa og rennur lækur á milli þeirra.

Minjalýsing: Rústin er tvö hól og er opin til suðurs. Gerð hennar og staðsetning benda til þess að minjar [026 og 027] séu fjárhús eða önnur fénaðarhús með innbyggðri hlöðu. Stærð hússins er 9x6 og veggir grónir og um 0,55 m þar sem þeir eru hæstir.



Teikning 14. Af útihúsunum [027]

Númer: 3385-028

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:6422242 N:636650

Lengd: 23 m

Breidd: 15 m

Ástand: Sæmilegt


Horfin: Nei

Hættumat: **Mikill hætta**

Hættuorsök: Fer undir lón.

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hliðinni. Nú árið 2003 standa klömbuveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“. Alveg niður við Tunguá neðan við Hermundarfellssel er sérkennileg hleðsla.

Minjalýsing: Hleðslan er bogadregin eins og hálfur hringur og er hleðsla þvert á. Hleðslan er 2 m á breidd. Líklega er um einhverskonar fjárrétt að ræðs. Stærð hennar er 23 m, hálfhringurinn og þvergarðurinn er 15 m.



Teikning 15. Af líklegri heytóft við bakka Tunguár.

Númer: 3385-029

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Rúst

Staðsetning ISN93: A:642314 N:636673

Lengd: 13 m

Breidd: 8 m

Ástand: Illgreinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Fer undir lón

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hlíðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel“.

Minjalýsing: Um er að ræða heytóft sem er á bakka Tunguár og er hún 13x8 m að stærð og veggir eru grónir um 0.30 m á hæð.



Teikning 16. . Af líklegri heytóft við bakka Tunguár

Númer: 3385-030

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Vegur

Staðsetning ISN93: A:642096 N:637100

Lengd: 1.520 km

Breidd: 0.50 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Hermundarfellssel þar var búið á árunum 1836 – 1864 og stóð bærinn austan undir Fjallgarðinum stutt frá hlíðinni. Nú árið 2003 standa klömbruveggir í Hermundarfellsseli enn furðu vel.

Minjalýsing: Frá Hermundarfellsseli og norður með Tunguá er vegurinn heim að bænum og til vesturs. Leiðin er hestatrodningur og liggur yfir á Öxarfjarðarheiði.

4. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru 30 minjar skráðar. Flestar þeirra eru norðan við Tunguár og því ekki í neinni hættu. Flestar þeirra lenda utan skipulagssvæðis frá 2024 og teljast utan svæðis en eru hafðar með því að þær voru skráðar innan þess svæðis sem lág fyrir árið 2017.

Aðeins eru tvær minjar í hættu en það eru minjar [028 og 029] sem eru heytóftir á bakka Tunguár en þær lenda undir lóninu. Smá hluti af leið sem heitir *Langistígur* [009] hverfur undir lónið en samt ekki þar sem leiðin er upphlaðinn en þar liggur leiðin fyrir norðan Tunguá.

Þess má geta að minjar sjást ekki alltaf á yfirborði og komi minjar í ljós við framkvæmdir, ber að stöðva þær strax og hafa samband við Minjastofnun Íslands.

5. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 11. bindi - Þingeyjarsýsla*. Kaupmannahöfn: S. L. Möller.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Eiríkur Þormóðsson. (1970). *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilsfirði. Kandiðatsritgerð í íslenskum fræðum*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Óbyggðanefnd. (2007). *Úrskurður Óbyggðanefndar mál nr. 4/2005. Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur*. Óbyggðanefnd: Reykjavík.
- Þórarinn Þórarinsson, Kristín Kristjánsdóttir, Brynjar Halldórsson & Runólfur Elentínusson. (2003). *Land og fólk: byggðasaga Norður-Þingeyinga*. Útgáfustaðar ekki getið: Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga.


Óútgefnar heimildir

- Örnefnastofnun. (1973). *Örnefnaskrá Hermundarfell*. Norður Þingeyjarsýsla. Svalbarðshreppur Skúli Skúlason skráði 1955. Heimildarmaður hans Gamalíel Guðjónsson.


6. PUNKTASKRÁ

Auðkenni	Tegund	Hlutverk	Eastings	Northings
3385-001	Rúst	Stekkur	644449	637008
3385-002	Rúst	Heytóft	644464	636997
3385-003	Rúst	Heytóft	644478	636998
3385-004	Rúst	Heytóft	644513	636872
3385-005	Rúst	Heytóft	644520	636875
3385-006	tóft	Stekkur	644545	636884
3385-007	tóft	Stekkur	644591	636906
3385-008	Garðlag	túngarður	644588	636889
3385-009	Samgöngubót	Vegur	643992	636635
3385-010	Rúst	Heytóft	643861	636792
3385-011	Rúst	Heytóft	643863	636783
3385-012	Rúst	Smalakofi	646881	636788
3385-013	Rúst	Beitahús	643291	637107
3385-014	Púst	óþekkt	643319	637101
3385-015	Rúst	Heytóft	643260	637057
3385-016	Rúst	Heytóft	643316	637049
3385-017	Rúst	Heytóft	643323	637050
3385-018	Rústir	Býli	643323	6377050
3385-019	Rúst	Fjárhús	643186	637136
3385-020	Garðlag	Túngarður	642175	637127
3385-021	Rúst	Sel ?	642229	637132
3385-022	Garðlag	Túngarður	642249	637120
3385-023	Garðlag	Túngarður	642223	637116
3385-024	Garðlag	Túngarður	642210	637183
3385-025	Rúst	Útihús	642123	637118
3385-026	Rúst	Útihús	642242	637063
3385-027	Rúst	Útihús	642249	637055
3385-028	Rúst	Óþekkt	642242	636650
3385-029	Rúst	Heytóft	642314	636673
3385-030	Samgöngubót	Vegur	642096	637100

7. KORT




Kort 1. Kortið sýndir skipulagsvæðið og þau fjögur minjanúmer sem eru innan þess.



Kort 2. Kortið sýnir þær fjórar minjar sem eru innan skipulagssvæðis og tvær neðri fara undir lón. Gulalínan sýnir mörk lóns, rauða eru mörk skipulagssvæðis og bleiki flákin eru stífumannvirki



Kort 3. Kortið sýnir Hermundarfellssel og hvernig bæjarstæðið er utan skipulagssvæðis, nema tvær minjar við bæinn lenda inna svæðis.



Kort 4. Kort af skipulagssvæðinu. Rauða línan sem liggur í gegnum svæðið er vegur [009] og er hann í hættu vegna framkvæmdanna.